

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum – fyrri hluti
10. október 2016
kl. 9:00 – 17:00

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímum með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Prófmönnum er heimilt að taka með sér prófið, fylgiskjöl og lausnir að loknum fyrri prófdegi.

Verkefni 1 – 30 mín.

Teymið þitt er að ljúka könnun á árshlutauppgjöri Aðal lífeyrissjóðsins fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní 2016. Framkvæmdastjóri sjóðsins sendi stjórnarmönnum drög að árshlutareikningi ásamt skýrslu endurskoðanda um könnunina og staðfestingarbréf vegna árshlutareikningsins nokkru fyrir áætlaðan stjórnarfund þar sem samþykkja á árshlutareikninginn. Degi fyrir stjórnarfundinn berst eftirfarandi tölvupóstur frá framkvæmdastjóranum:

„Einn af stjórnarmönnum er með athugasemdir við staðfestingarbréfið, sjá fylgiskjal 1.1. Hann hefur lesið bréfið ítarlega og sett athugasemdir á spássíuna. Ég skil svo sem ekkert frekar þetta bréf og bið ykkur að svara okkur fljótt og vel með þetta. Ég sagði honum að ég héldi að þetta væri staðalform frá Fjármálaeftirlitinu sem ekki væri víst að hægt væri að breyta. Er ekki best að ég skrifi bara fyrir hönd sjóðsins undir staðfestingarbréfið og þá þarf ekkert að eiga mikið við textann enda hef ég nú skrifað undir bréfið athugasemdarlaust áður? Svo er nú líka spurning um að sleppa þessu staðfestingarbréfi þar sem um er að ræða könnun en ekki endurskoðun.“

Úrlausnarefni:

- A) (10 mín.) Hvaða reglur gilda um staðfestingarbréf með árshlutauppgjörum? Gæti endurskoðandi gefið eftir kröfu sína um staðfestingarbréf með árshlutauppgjöri?
- B) (20 mín.) Hvernig myndir þú bregðast við ábendingum stjórnarmannsins sem fram koma í fylgiskjali 1.1? Gerðu drög að svari til framkvæmdastjórans sem hann getur áframsent til stjórnarinnar.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 2 – 90 mín.

Endurskoðunarfyrirtækið GlobalAudit hefur nýverið tekið að sér endurskoðun á fyrirtækinu ManEl. Fyrirtækið er leiðandi á sviði hönnunar og smíði búnaðar til framleiðslu á vistvænni raforku. Í byrjun árs keypti kanadíska félagið GlobalCap 95% eignarhlut í félaginu. Nýir eigendur hafa unnið að því að innleiða nýja byltingakennda tækni við framleiðslu á raforku sem búist er við að gjörbreyti kostnaðaruppbyggingu ManEl til framtíðar.

Endurskoðunarteymi þitt hefur undanfarið unnið að skipulagningu endurskoðunar á ársreikningi 2016 og mun hitta endurskoðunarnefnd ManEl á fundi í næstu viku. Endurskoðunarnefndin hefur óskað eftir ítarlegri umfjöllun um helstu áhættuþætti og endurskoðunarnálgun GlobalAudit sem fyrirtækið hyggst beita við endurskoðun ársreiknings 2016.

Eftirfylgjandi gögn liggja fyrir:

- Rekstrareikningur og efnahagsreikningur úr drögum að ársreikningi 2015, sjá fylgiskjal 2.1. Fylgiskjalið fylgir einnig í excel-svarskjali.
- Félagið gerir upp eftir reglum ársreikningslaga en stefnir á IFRS eftir tvö til þrjú ár.
- Á árinu 2016 liggur fyrir að búið er að gjaldfæra þóknun hjá ManEl sem rekja má til samnings á milli ManEl og GlobalCap (e. Support service agreement) þar sem ManEl er skuldbundið til að taka þátt í yfirstjórnunarkostnaði GlobalCap á meðan unnið er að nýrri tækni við framleiðsluna. Þóknunin er færð í ársreikningi sem þjónustusamningur við tengda aðila.
- Á árinu 2016 hefur einnig verið eignfærður kostnaður við forhönnun á nýjum verksmiðjusal og vélbúnaði. Fjárfestingarnar hafa verið fjármagnaðar af móðurfélaginu, GlobalCap. Samkvæmt lánasamningi milli félaganna borgar ManEl 9,1 prósent vexti af lánum sínum til móðurfélagsins.

Úrlausnarefni:

- A) Framkvæmdu áhættumat vegna endurskoðunar ársreiknings ManEl 2016 í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla með áherslu á að greina lykiláhættur (e. significant risks). Rökstyddu mat þitt og skýrðu frá þeim aðferðum sem þú beitir við matið.**
- B) Taktu saman stutt minnisblað um lykiláhættuþætti til að senda til endurskoðunarnefndar þar sem þú rökstyður mat þitt í A) lið og greinir frá endurskoðunarnálgun þinni (e. audit strategy) og viðbrögðum í endurskoðun (e. audit response).**
- C) Settu upp drög að endurskoðunarfyrirmælum (e. further audit procedures) fyrir lykiláhættuþætti.**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 3 – 30 mín.

Svarið eftirfarandi spurningum miðað við ársreikningalögin eins og þau voru í lok árs 2015.

- 1) Hvaða heimildir eru í ársreikningalögunum til að afskrifa viðskiptavild? Rökstyðjið mál ykkar.**
- 2) Hvaða heimildir eru í ársreikningalögunum til að endurmeta fastafjármuni? Rökstyðjið mál ykkar.**
- 3) Hvernig á að fara með endurmat varanlegra rekstrarfjármuna samkvæmt ársreikningalögunum? Er þetta frjálst sjóður til úthlutunar arðs? Rökstyðjið mál ykkar.**
- 4) Hvaða reglur gilda um færslu fasteigna í reikningsskil félaga sem sérhæfa sig í útleigu á fasteignum samkvæmt ársreikningalögunum? Rökstyðjið mál ykkar.**

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 4 – 45 mín.

A. 15 mín.

Þú ert aðalbókari fyrirtækisins Guðlax hf. sem rekur sjókvíaeldi. Fiskurinn er alinn frá seiðum yfir í fullvaxinn fisk á tveimur árum, en þá er honum slátrað, hann verkaður, settur í geymslu og fluttur á markað.

Fyrirtækið gerir upp samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) og fer eftir staðlinum IAS 41 við bókun eldisfisks.

Verkefni þitt er að upplýsa um hvaða reglur gilda um það hvenær má færa eldisfisk í reikningsskil og á hvaða verði á að færa hann? Vitnið í viðeigandi greinar alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

B. 15 mín.

Seiði eru keypt frá seiðaeldisstöð hérlendis eða frá Færeyjum, eftir því hvort er hentugra. Þann 1. október 2015 voru seiði í eldi keypt frá Færeyjum. Verðið fyrir eina milljón seiða var 5 milljónir króna. Flutningskostnaður frá Færeyjum var 500 þús. krónur, en þann flutningskostnað hefði fyrirtækið einnig þurft að greiða ef það hefði selt seiði til Færeyja. Söluverðið sem seljandi í Færeyjum greiddi var 1% af söluverði.

Verkefni þitt er að ákvarða við hvaða virði fyrirtækið eigi að færa kaupin til eignar í bókhaldi sínu?

C. 15 mín.

Í árslok slátrar Guðlax hf. öllum eldisfiski sínum sem er fullalinn í sölustærð og á því birgðir af eldisfiski um áramót, sem fer á uppboð á fyrsta virka degi nýs árs.

Guðlax stendur frammi fyrir því að ákveða verðmæti birgða um áramót í reikningsskilum sínum og þú sem aðalbókari þarft að svara því. Hjá Guðlaxi hf. eru fyrirbyggjandi eftirfarandi upplýsingar:

- Eldi þess fisks sem var slátrað í árslok hófst með því að seiði voru keypt í byrjun janúar 2014 á 5 milljónir króna. Fram til 31/12 2015 var beinn kostnaður við eldið 15 milljónir króna, kostnaður við slátrun og pökkun 2 milljónir króna, afskriftir framleiðslutækja voru 2 milljónir og annar óbeinn framleiðslukostnaður 1 milljón króna.
- Guðlax hf. hefur einnig upplýsingar um að markaðir fyrir eldisfiskinn séu þrír, í Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi. Markaðirnir í Bandaríkjunum og Þýskalandi hafa verið aðalmarkaðir félagsins undanfarið þar sem þeir hafa gefið best af sér. Á markaðnum í Bretlandi bauðst gott verð um áramót, en óvíst er að hægt sé að selja eldisfiskinn þar strax eftir áramótin. Markaðir í Bandaríkjunum og Þýskalandi hafa reynst vel, uppboð eru daglega og mikið magn af eldisfiski fer þar í gegn. Guðlax hf. selur að jafnaði á þá markaði þar sem best verð býðst.

Í árslok, á síðasta degi uppboða á þessum mörkuðum, voru viðskipti og tilboð líflæg. Tilboð í kaup og sölu á eldisfiski í því magni sem Guðlax átti í birgðum um áramót voru eftirfarandi í krónum:

| | USA | Þýskaland | Bretland |
|-----------------------------|------------|------------|------------|
| Tilboð í kaup á eldisfiski | 29.000.000 | 28.500.000 | 31.000.000 |
| Tilboð í sölu á eldisfiski | 30.000.000 | 30.500.000 | 32.000.000 |
| Flutningskostnaður á markað | 1.500.000 | 1.200.000 | 1.000.000 |

Guðlax greiðir 2% uppboðsþóknun af brúttósöluverði.

Verkefni þitt er að ákveða fyrir Guðlax hf. á hvaða verði fyrirtækið skuli færa birgðir í reikningsskil sín í árslok samkvæmt IFRS.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 5 – 35 mín.

Kamsnes eignarhaldsfélag ehf. (hér eftir KE) er félag í ferðaþjónustu. KE á tvö dótturfélög, Kamsnes ferðaskrifstofu ehf. (hér eftir KF) og Kamsnes gistingu ehf. (hér eftir KG).

KG á og rekur tvo gististaði þar sem hægt er að leigja herbergi til skemmri tíma en eins mánaðar, fara í skipulagðar ferðir um náttúru Íslands með leiðsögn, eftir atvikum á hestum, vélsleðum eða fjórhjólum, eða bara leigja hesta, vélsleða eða fjórhjól og fara á eigin vegum. Þá er veitingaþjónusta á þessum gististöðum, annars vegar bar og matsölustaður en einnig er hægt að kaupa sérstaka matarþakka til eins eða fleiri daga til að taka með í ferðir, hvort sem þær eru skipulagðar eða farnar á eigin vegum. KG selur ýmist beint til ferðamanna án aðkomu KF eða til KF á kostnaðarverði (en KF á talsvert skattalegt rekstrartap) sem KF endurselur til erlendra ferðamanna með álagningu.

Auk þess að endurselja fyrir KG, þá hefur KF haft milligöngu um sölu óskyldra innlendra aðila til erlendra ferðamanna á flugi til Íslands og á veiðileyfum í ár og vötn. Með þeim hætti hefur KF getað boðið erlendum ferðamönnum heildarþakka, sem inniheldur flug til og frá Íslandi, gistingu hér á landi hjá KG, og eftir atvikum skipulagðar ferðir og veiðileyfi.

Starfsemi KG er mest yfir sumartímamann og nú ber svo við að KG er farið að nýta sér danska starfsmannaleigu, Nordjobbet, sem sér KG fyrir viðbótarstarfsfólki í veitingaþjónustuna, hesthúsið o.fl. Starfsmennirnir eru að koma frá hinum Norðurlöndunum fjórum og hefur starfstími hvers og eins að jafnaði verið 3-4 mánuðir og aldrei meira en 5 mánuðir. Eina skriflega gagnið sem liggur fyrir vegna þessara viðskipta er samningur á milli KG og Nordjobbet, sem gerir ráð fyrir heildargreiðslum (launum starfsmanna og þóknun KG til Nordjobbet) frá KG til Nordjobbet. Samningurinn fjallar ekkert um skatta eða launatengd gjöld umræddra starfsmanna og Nordjobbet hefur ekki staðið skil á þeim. Engin gögn eða upplýsingar liggja fyrir frá starfsmönnum sjálfum.

Alma Gunnarsdóttir er fjármálastjóri hjá KE og ber ábyrgð á skattamálum samstæðunnar. Verkefni þitt er að ráðleggja henni um skil á virðisaukaskatti, en hún hefur ekki haft tíma til að kynna sér nýju reglurnar í ferðaþjónustunni. Þá þekkir Alma ekki heldur til starfsmannaleiga og skattareglna sem um þær gilda.

- A. Verkefni þitt er að gera Ölmu grein fyrir reglum sem gilda um virðisaukaskatt af starfsemi KG og KF eins og henni er lýst í textanum. Koma þarf fram hvort um virðisaukaskattskylda starfsemi er að ræða í hverju tilviki fyrir sig, fyrir hvort félag um sig, hvert sé skatthlutfall útskatts og hvaða almennu innskattsreglur gilda. Víska skal til viðeigandi ákvæða laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. (20 mín.)**
- B. Verkefni þitt er að gera Ölmu grein fyrir staðgreiðslu skatta og launatengdra gjalda útleigðra starfsmanna frá Nordjobbet til KG. Nóg er að víska til viðeigandi ákvæða laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. (15 mín.)**

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 6 – 40 mín.

Tómas Smith er einkabarn íslenskrar konu og bandaríksk athafnamanns. Foreldrar Tómasar voru aldrei í hjónabandi eða sambúð. Faðir Tómasar átti lengstum lögheimili í Bandaríkjunum en móðir Tómasar hefur ásamt Tómasi alltaf átt heima á Íslandi.

Faðir Tómasar er nýlátinn og arfleiddi hann Tómas að 100% eignarhlut í félagi sem skráð er á Bresku Jómfrúreyjum og heitir Portfolio Ltd. (hér eftir PF). Bresku Jómfrúreyjar er lágskattaríki sem gerði upplýsingaskiptasamning um skatta við Ísland árið 2009 og tók hann gildi árið 2011. PF á umtalsverðar eignir í formi eignarhluta í hlutafélögum og krafna. PF hefur haft þrens konar tekjur: Arðstekjur, söluhagnað vegna sölu hlutabréfa og vaxtatekjur (ýmist samkvæmt ákvæðum í lána- og skuldabréfasamningum eða vegna sölu krafna með söluhagnaði). Eitthvað er um sölutap af hlutabréfum og vaxtagjöld. Þá fellur að jafnaði til smávægilegur rekstrarkostnaður í félaginu, s.s. vegna bókhalds og uppgjors á því og ráðgjafar. Tómas hefur enga reynslu af slíkum aflandsfélögum og veltir fyrir sér hvernig skattlagningu þeirra eða hluthafa þeirra er háttáð. Hann veltir fyrir sér hvort hægt væri að jafna tap vegna einhverra ára á móti hagnaði á öðrum árum og hvernig fari með arð úr PF ef hagnaður PF sem arðgreiðslan stafar af hefur mögulega verið skattlagður hjá honum.

Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni, en Tómas sjálfur er nokkuð lunkinn athafnamaður eins og pabbi hans var. Tómas hefur byggt upp nokkuð stórt verktakafyrirtæki á Íslandi, TS byggingar ehf. (hér eftir TSB), sem hefur einkum verið í því að byggja upp fasteignir til sölu og leigu. TSB á eins og er tvö hótél.

Nú ber svo við að Tómasi líst ekkert sérstaklega á verktaka- og fasteignamarkaðinn hér á Íslandi. Hann býst við afturkippu eða jafnvel hruni á næstu 5-10 árum og vill gera ráðstafanir til að tryggja sig. Hann er líka kominn af besta aldri og vill minnka umsvifin. Tómas hefur verið í viðræðum við þýskt verktaka- og fasteignahlutafélag í hótélgeiranum sem vill kaupa „reksturinn“ þ.e. öll tæki og tól sem tilheyra verktakastarfseminni, s.s. eins og krana, gröfur, vörubíla, steypubíla o.fl., en einnig hótelin sem TSB leigir út. Tómas hefur heyrt rætt um millilandasamruna og veltir fyrir sér hvort það sé eitthvað sem er framkvæmanlegt þannig að þýska félagið yfirtaki TSB og hvað slíkur samruni gæti falið í sér fyrir sig og sitt félag, einkum skattalega. Ef af verður vill Tómas eindregið sjá um útleigu íslensku hótélanna en þau gætu jafnvel orðið fleiri ef fjárfestingaráform þýska félagsins ganga eftir. Tómas sér þá fyrir sér að þýska félagið haldi úti skrifstofu á Íslandi þar sem hann hefði aðstöðu og kannski 1-2 aðstoðarmanneskjur. Þýska félagið hefur tekið vel í hugmyndir Tómasar um þetta, enda Tómas með mikla þekkingu á fasteignaleigumarkaðnum á Íslandi. Þá er í gildi tvísköttunarsamningur á milli Íslands og Þýskalands (með heimild til að afla allra nauðsynlegra upplýsinga).

A. Gerðu Tómasi grein fyrir því hvernig skattlagningu yrði háttáð á Íslandi vegna PF. Vísa skal til viðeigandi ákvæða laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

B. Lýstu því hvernig millilandasamruni gæti farið fram m.t.t. íslenskra skatta, þar sem þýska félagið yfirtekur TSP. Vísa skal til viðeigandi ákvæða laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 7 – 60 mín.

GlobalAudit undirbýr nú endurskoðun á tölvufyrirtækinu CloudI. Fyrirtækið selur ýmis konar tölvubúnað, mest netþjóna og tölvuþjónustu. GlobalAudit hefur endurskoðað fyrirtækið frá stofnun þess á árinu 2001.

Umsjónarendurskoðandi CloudI hefur nefnt það við þig, nýjan verkefnastjóra, að leggja áherslu á aðgerðaendurskoðun þar sem stjórnendur hafa lagt sig fram við að setja upp formlega ferla, skrásetja áhættumat og eftirlitsaðgerðir. Það er hins vegar ljóst að endurskoðunarteymið er óöruggt með að framkvæma aðgerðaendurskoðun og því þurfi að kynna þá nálgun og aðferðafræði vel fyrir teymismeðlimum.

Stjórnendur gera ítarlegar mánaðarskýrslur sem lagðar eru fyrir stjórn. Í skýrslunum er gerð grein fyrir þróun rekstrarins frá mánuði til mánaðar, ítarlegar sölugreiningar, kostnaður greindur niður á bókhaldslykla og gerð grein fyrir helstu frávikum (breytingar sýndar í %) með samanburði við fyrri mánuð og sama tímabil á síðasta ári.

Mjög virkt gæðastarf er í fyrirtækinu og heldur gæðastjóri utan um allar athugasemdir og ábendingar sem koma frá starfsmönnum og viðskiptavinum sem og ytri endurskoðendum. Strax eru stofnuð úrbótaverkefni í gæðakerfinu og stjórnendum gefinn ákveðinn tími til að ljúka úrbótum og því fylgt vel eftir að stjórnendur standi við tímasetningar. Þá framkvæma starfsmenn, undir stjórn gæðastjóra, reglulega úttektir á einstökum ferlum og prófa lykileftirlitsaðgerðir.

Starfsmenn CloudI úr söludeild hafa yfirfarið ákvæði nýrra sölusamninga sem gerðir voru á fyrsta ársfjórðungi ársins 2016 auk úrtaks úr gildandi samningum. Sjá nánar um niðurstöðurnar í fylgiskjali 7.1. Í fylgiskjalinu má einnig finna nánari upplýsingar um eftirlitsaðgerðir með tekjuferli CloudI.

Eftir að hafa skoðað vel tekjuferilinn er það fyrsta mat endurskoðunarteymisins að eftirlitsaðgerðir virðast vera vel skjalfestar og því tækar til prófunar. Endurskoðunarteymið hefur tekið saman yfirlit um mikilvægar eftirlitsaðgerðir í fylgiskjali 7.1. Ekki er vitað um að upp hafi komið veruleg frávik í eftirlitsumhverfi eða í öðrum eftirlitsaðgerðum. Mat endurskoðunarteymis liggur fyrir á einstökum staðhæfingum í tekjuferlinu sem gefur til kynna að heild og nákvæmni teljist til lykiláhættuþátta (e. significant risk). Það er því gert ráð fyrir töluverðri gagnaendurskoðun (e. substantive tests) að því sem snertir þær staðhæfingar. Ekki hafa komið upp veikleikar í tölvukerfum sem snerta tekjuferilinn.

Úrlausnarefni:

- A) (10 mín.) Hvaða megin aðgerðir (e. audit procedures) koma til greina í aðgerðaendurskoðun (e. test of controls)?
- B) (10 mín.) Hver er munurinn á tegundum eftirlitsþátta, þ.e. hvort eftirlitsaðgerðir eru víðtækar (e. pervasive, entity level controls) eða sértækar (e. transactionals controls)? Nefnið kostna og galla þessara tegunda eftirlitsaðgerða þegar þær koma til prófunar í aðgerðaendurskoðun.

- C) (20 mín.) Gerið grein fyrir aðferðafræði við val á úrtaki í aðgerðaendurskoðun og úrvinnslu á niðurstöðum og frávikum.
- D) (20 mín.) Gerið grein fyrir því hvort þið teljið vænlegt að framkvæma úrtakskönnun á tekjuferli CloudI og gerið grein fyrir úrtaksstærð eftir því sem við á.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 8 – 40 mín.

Medisín er stórt íslenskt lyfjafyrirtæki með dótturfélög og hlutdeildarfélag víða um heim. Félagið á 27 erlend dótturfélög, 4 innlend dótturfélög og 5 íslensk hlutdeildarfélag. Mikil innbyrðis viðskipti eru innan samstæðunnar. Stjórn félagsins hyggst stefna á skráningu hlutabréfa félagsins innan 5-10 ára.

Félagið hefur verið endurskoðað af GlobalAudit undanfarin 6 ár. Fæst dótturfélaganna eru þó endurskoðuð af GlobalAudit keðjunni þar sem ákveðið var við kaup þeirra að skipta ekki um endurskoðanda.

Endurskoðunarnefnd Medisín íhugar nú að efna til útboðs á endurskoðun. Nefndin vill vanda sérstaklega útboðsferlið þar sem félagið leggur mikla áherslu á gagnsæi í allri starfsemi sinni og góða stjórnarhætti. Í því ljósi leitar nefndin til þín um ráðleggingar um hvaða upplýsingar nefndin þurfi að veita í útboðsferlinu til að endurskoðunarfyritækin fái fullnægjandi upplýsingar um umfang og stærð verkefnisins. Nefndin hefur heyrt af því að endurskoðendur þurfi að fara með öll endurskoðunarverkefni í gegnum sérstakt samþykktarkerfi og hafi ekki allar forsendur og upplýsingar til þess að ljúka því ferli áður en þau bjóða í verkefni. Endurskoðunarfyritækin setja því oft alls kyns fyrirvara í tilboð sín. Endurskoðunarnefnd Medisín vill forðast að settir séu slíkir fyrirvarar vegna skorts á upplýsingum og leggur því áherslu á að veita fullnægjandi upplýsingar í útboðsgögnum sínum.

Úrlausnarefni:

Endurskoðunarnefnd Medisín óskar eftir því að þú svarir eftirfarandi spurningum:

- A) Hvað mælir með og á móti því að velja sama endurskoðunarfyritæki fyrir alla samstæðuna?**
- B) Hvaða reglur gilda almennt um samþykktarferli á endurskoðunarverkefnum? Geta þessar reglur verið misjafnar á milli endurskoðunarfyritækja?**
- C) Hvaða upplýsingar þurfa að koma fram í útboðsgögnum sem gera endurskoðendum kleift að bjóða í stórt alþjóðlegt endurskoðunarverkefni samkvæmt lögum, reglum og stöðlum sem gilda um störf endurskoðenda?**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 9 – 30 mín.

Fyrirtækið Aðalból ehf. leitar til þín sem ráðgjafa í reikningsskilum um það hvernig best er að haga tekjufærslum hjá félaginu. Félagið gerir upp samkvæmt lögum um ársreikninga, en er að íhuga að taka upp alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Aðalból ehf. er í vafa um hvenær bóka eigi tekjur fyrirtækisins. Það selur tryggingar fyrir Endalíf hf. og fær þóknun fyrir. Þóknunin er greidd út eftir sölu, þegar Aðalból hf. afhendir undirritaða tryggingasamninga og Endalíf hf. hefur samþykkt þá. Þóknunin er bundin því skilyrði að viðskiptasamband samninganna haldist í vissan lágmarkstíma, allt frá 12 mánuðum upp í 48 mánuði.

Tekjufærslan hefur verið framkvæmd þannig að öll þóknun hefur verið tekjufærð strax samkvæmt greiðsluuppgjöri frá Endalífi hf., en ef samningar halda ekki, þá eru endurgreiðslur þóknunar færðar til lækkunar á tekjum þegar Endalíf hf. krefur Aðalból ehf. um þær. Í einhverjum tilfellum eru samningar tekjufærðir áður en þeir hafa verið samþykktir af Endalífi hf. og þóknun greidd.

Á móti hefur Aðalból ehf. sama fyrirkomulag þegar kemur að greiðslu þóknunar til sölumanna sinna, það er að segja þóknun er greidd strax, en endurkrafin ef samningar haldast ekki í lágmarkstíma.

Ósk Aðalbóls ehf. er að hafa aðferð við tekjufærslu eins einfalda og hægt er, helst þannig að eingöngu sé tekjufært eftir greiðsluuppgjöri.

Verkefni þitt er að gera Aðalbóli ehf. grein fyrir því hvernig eðlilegast er að haga tekjufærslu fyrirtækisins. Rökstyðjið svör ykkar með tilvísun í ársreikningalög annars vegar og í alþjóðlega reikningsskilastaðla hins vegar.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 10 – 40 mín.

A. 20 mín.

Guðlax hf. ákvað að auka framleiðslugetu sína. Til að afla fjár til þess seldi fyrirtækið nokkrum lífeyrissjóðum skuldabréf með breytirétti.

Guðlax hf. gaf þann 1/7 2016 út fjögur skuldabréf, hvert að virði 50 milljónir króna, samtals 200 milljónir króna. Skuldabréfin voru til 10 ára, vextir greiddir einu sinni á ári, í fyrsta skipti 30/6 2017. Afborgun höfuðstóls er greidd í einu lagi í lok lánstíma þann 30/6 2026. Vextir bréfanna voru 5%, óverðtryggðir. Fyrirtækið hefði getað fengið óverðtryggt lán án breytiréttar en að öðru leyti eins hjá viðskiptabanka sínum með 10% vöxtum.

Skuldabréfin voru með breytirétti yfir í hlutabréf í Guðlaxi hf. á genginu 1. Þannig breytist 50 milljóna króna skuldabréf í 50 milljóna króna hlutabréf ef rétturinn er nýttur. Breytirétturinn er eingöngu virkur þann 30/6 ár hvert.

Verkefni þitt er að reikna virði breytiréttarins og setja upp allar færslur sem Guðlax hf. þarf að færa í bókhald sitt við upphaf samningsins þann 1/7 2016.

B. 20 mín.

Eftir 36 mánuði, þann 30/6 2019, ákveður einn lífeyrissjóður að breyta skuldabréfi sínu að fjárhæð 50 milljónir í hlutabréf.

Verkefni þitt er að setja upp allar reglubundnar færslur sem Guðlax hf. þarf að færa í bókhald sitt 30/6 2019, auk færslna vegna umbreytingar skuldabréfsins.

Svarið í excel-svarskjali:

Verkefni 11 – 20 mín.

Rútufyrirtækið „Menntaferðir“ sérhæfir sig í akstri fyrir grunnskóla Reykjavíkur og nágrennis ásamt fleiri verkefnum. Reksturinn hefur ekki gengið sem skyldi undanfarin ár og vill stjórnin kenna hatræmri samkeppni um. Stjórnin hefur því ráðið nýjan framkvæmdastjóra (Rúnar) til starfa og hans fyrsta verk er að kalla þig, sem sérfræðing, til skrafs og ráðagerða.

Samkvæmt Rúnari notaði fyrirverandi framkvæmdastjóri mjög einfalda og áhrifaríka aðferð til að ákvarða verð í útboðum. Heildar kostnaði fyrirtækisins hvert ár var deilt niður á 12 mánuði og síðan deilt niður á fjölda rúta. Það var það verð sem hver rúta varð að standa undir á mánuði. Við hvert útboð var bætt við 30% álagi á heildarkostnað pr. rútu að teknu tilliti til leigutíma og þannig boðið í viðkomandi verk. Ef tvær rútur væru notaðar í verkið var verðið tvöfalt hærra. Menntaferðir eiga tvær stærðir af rútum. Ef nota átti stóru rúturnar í verk var 35% bætt ofan á kostnaðarverðið, í stað 30%.

Rúnar vill meina að til þess að hægt sé að rétta við hag fyrirtækisins þurfi að hækka álagið í útboðunum, eða eins og Rúnar bendir á „þá er 30% bara alltof lág álagning og 35% jafnvel líka“.

Úrlausnarefni:

Hvaða aðferð telur þú heppilega til að ákvarða verð í rútabílaakstur?

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 12 – 20 mín.

Stjórn Quality Fish hf. (hér eftir QF) leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Markmið félagsins er að fylgja í hvívetna leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

QF leggur ekki síður áherslu á að fylgja reglum IX. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995 sem fjalla um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd, enda er QF lögskylt að gera svo.

QF er í eigu fjölda hluthafa, en það var upphaflega stofnað af þremur einstaklingum sem voru saman í viðskiptafræðinámi í Barcelona (e. MBA) fyrir um 15 árum. Einn þeirra er Íslendingur, Kristín, annar Bandaríkjamaður, Ben, og sá þriðji Spánverji, Carlos. Lokaverkefni hvers þeirra tengdist með einum eða öðrum hætti sjávarútvegi, allt frá veiðum og vinnslu til sölu til neytenda. Eftir námið ákváðu þau að stofna QF og fara saman út í viðskipti á þessu sviði og hafa síðan verið að kaupa fisk, aðallega á Íslandi, og selja út um allan heim, einkum til Bandaríkjanna og Spánar. Kristín býr á Íslandi og sér um viðskiptin þar, Ben í Bandaríkjunum og Carlos á Spáni.

Samþykktir QF mæla fyrir um fimm stjórnarmenn og er hún skipuð af þeim Kristínu, Ben, Carlos, auk tveggja Íslendinga sem eru fulltrúar íslenskra lífeyrissjóða sem eiga hlut í félaginu, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Þá eru þau Kristín, Ben og Carlos öll skráð framkvæmdastjórar. Fulltrúar lífeyrissjóðanna í stjórn eru óháðir QF og daglegum stjórnendum þess.

Tíu stærstu hluthafar QF eru eftirfarandi:

| | |
|--|-----|
| 1. Kristín | 15% |
| 2. Ben | 12% |
| 3. Carlos | 12% |
| 4. Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 11% |
| 5. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins | 8% |
| 6. Fish and Chips Ltd. | 5% |
| 7. Tailor Inc. | 3% |
| 8. Bolvík ehf. | 2% |
| 9. Saltfiskur slf. | 2% |
| 10. Target GmbH. | 1% |

Verkefni þitt er að draga fram þrjú atriði í framangreindum texta sem gefa tilefni til að ætla að stjórnarhættir QF séu ekki í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins og ekki í samræmi við IX. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995. Vísa skal til viðeigandi ákvæða leiðbeininganna og laganna.

Svarið í word-svarskjali: